

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr. 12 750.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	— 3 750.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	— 3 750.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	— 3 750.00
5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ..	— 700.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	— 5 800.00
7. Fyrir fjármark	— 1 200.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilfénað, fyrir hverja kind eða hross	— 700.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 6 300.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 2 250.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 2 250.00
12. Fyrir ógildingarstefnu	— 5 800.00
13. Fyrir dómsbirtingu	— 5 800.00
14. Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	— 1 850.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 535.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 15. september 1978. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 360 10. október 1977 um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. ágúst 1978.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.